

til ámu, er rekið hafði af sjó á land upp á Illugastöðum, sem er ein af Þingeyra klausturs jörðum.

1862.
9. aprilm.

Eptir að búið er að skrifast á við fjárstjórnina um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörð það þeim, er hlut eiga að máli, að dómsmálastjórnin verður að álita, að eptir réttum skilningi á opnu bréfi 4. maím. 1778, 1. og 2. gr., eigi ríkissjóðurinn ámu þessa, en af því hér er um slíkt lítilræði að gjöra, fellst stjórnarráðið á, að áman sé eptirlátin eiganda Víðidalstungu kirkju, Páli stúdent Vídalín, með því skilyrði, að hann taki uppá sig alla ábyrgð, sem annars kynni að hvíla á ríkissjóðnum, ef eigandi kæmi með kröfu nokkra í þessu efni.

24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins á 11. aprilm. Íslandi, um fæðispeninga alþingismanna m. m.

Dómsmálastjórnin hefir meðtekið bréf yðar, herra stiptamtmaður, 17. maím. f. á., og hafið þér í því lýst yfir álitinu yðar um gjöld nokkur, er snertu alþingi 1859. Um þetta efni skal yður nú kunngjört, til þess þér hagið yður eptir því og auglýsið það, að þar sem alþingismenn þeir, er eiga heima í Reykjavík, hafa það ár, er nú var nefnt, og eptir því sem þér hafið frá skýrt einnig undanfarandi alþingisár, reiknað sér fæðispeninga fyrir einn dag áður en þing hefir byrjað, og fyrir einn dag eptir þinglok, þá er þessi reikningsmáti heimildarlaus. En áður en skorið sé úr spurning, sem einnig er hreyft í bréfi yðar, viðvíkjandi fæðispeningum þeim, er forseti á alþingi 1859 reiknaði sér fyrir störf sín í þarfir alþingis eptir þinglok það ár, þá biður stjórnarráðið yður að skýra sér frá, hvernig að hafi verið farið í þessu efni eptir síðasta alþing, og skal um leið leitt athygli yðar að bréfi dómsmálastjórnarinnar 28. janúarmán. 1860.